

Miðvikudaginn 9. september 1992.

Nr. 285/1992. Páll Árnason

gegn

Jóni Eysteinessyni bæjarfógeta.

Kærumál. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Með kæru 24. júní 1992 hefur Ragnar Halldór Hall hæstaréttarlögmaður vegna sóknaraðila kært varnaraðila, Jón Eysteinson, bæjarfógeta í Keflavík, „fyrir að hafa í dómarastarfi gert á hluta Páls“. Kæran er byggð á heimild í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sbr. nú 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kæran ásamt gögnum barst réttinum 29. júní sl.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sekt til ríkissjóðs, en til vara, að hann verði áminntur. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur ekki sent réttinum greinargerð, en fulltrúi hans, Þorsteinn Pétursson, hefur sent bréf, dagsett 29. júní 1992, þar sem gangur málsins er skýrður af embættisins hálfu.

I.

Samkvæmt skýrslu sóknaraðila og gögnum málsins eru málsatvik þau, að 2. ágúst 1989 var í fógetarétti Keflavíkur gert árangurslaust fjárnám hjá sóknaraðila að honum viðstöddum fyrir kröfu, samtals að fjárhæð u. þ. b. 100.000 krónur. Hinn 1. nóvember sama ár barst bæjarfógetanum í Keflavík krafa um, að bú sóknaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta á grundvelli hins árangurslausa fjárnáms. Skiptastefna var gefin út 17. nóvember sama ár á hendur Páli Árnasyni, Faxabraut 28, Keflavík, og var málið þingfest í skiptarétti Keflavíkur 30. nóvember. Af hálfu varnaraðila var ekki mætt, og var málinu frestað tvívegis, þar til krafan um töku búsin til gjaldþrotaskipta var tekin til úrskurðar 29. mars 1990. Úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp í skiptaréttinum 9. október 1991.

Innköllun til skuldheimtumanna var birt í Lögbirtingablaði 1.

nóvember 1991, en sóknaraðili kveðst enga vitneskju hafa fengið um það fyrr en í janúarmánuði 1992, er starfsmaður í banka í Keflavík benti honum á það. Þá var sóknaraðili lögreglumaður í lögreglu-liði Keflavíkur og því starfsmaður hjá varnaraðila. Hann sneri sér til embættisins til þess að fá þar upplýsingar um, hvað gerst hefði. Þegar hann krafðist skýringa á meðferð gjaldþrotamáls síns, urðu viðbrögð varnaraðila að sögn hans þau, að honum var sagt upp starfi í lögreglunni með bréfi 17. febrúar 1992.

Sóknaraðili leitaði til lögmanns, er aðstoðaði hann við uppgjör við þá, er lýst höfðu kröfum í bú hans, og var því lokið innan fárra vikna. Var sóknaraðila afhent búið til frjálsra umráða að nýju 3. mars 1992.

II.

Í kæru kveðst sóknaraðili reisa kröfur sínar á hendur Jóni Eysteinessyni bæjarfógeta á því, að löglærðir fulltrúar hans, sem starfi á hans ábyrgð, hafi gert á hluta sinn við meðferð kröfu um gjaldþrotaskipti á búi sínu í eftirtöldum atriðum:

1. Sóknaraðila hafi aldrei verið birt tilkynning um, að fram væri komin krafa um, að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Fyrirmæli um slíka birtingu séu í 2. mgr. 18. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Í beiðninni sé heimilisfang hans sagt vera að Faxabraut 28 í Keflavík. Þar hafi hann hins vegar aldrei átt heima.

2. Fjallað hafi verið um gjaldþrotaskiptakröfuna á dómþingum, án þess að sá, sem stýrði þinghaldi hverju sinni, hafi gengið úr skugga um, að fyrirkall samkvæmt 18. gr. laganna væri birt.

3. Gjaldþrotaskiptakrafan hafi legið hjá bæjarfógetanum í Keflavík frá 29. mars 1990, allt þar til úrskurður um töku búsins var kveðinn upp 9. október 1991, í meira en 18 mánuði. Hafi þá verið liðin meira en tvö ár og tveir mánuðir, frá því að hið árangurslausla fjárnám var gert, sem gjaldþrotaskiptakrafan studdist við.

4. Eftir uppkvaðningu úrskurðarins um gjaldþrotaskipti hafi honum aldrei verið tilkynnt um úrskurðinn. Hann hafi ekki haft ástæðu til að fylgjast með málum af því tagi með reglubundnum lestri Lögbirtingablaðs. Svokölluð skiptameðferð bús hans hefði því að öllum líkindum farið algerlega fram hjá honum, ef athygli hans hefði ekki verið vakin á innköllun í bú hans í Lögbirtingablaði.

Sóknaraðili tekur fram, að sér sé ljóst, að almennur kærufrestur

til Hæstaréttar sé tvær vikur frá lokum þeirrar dómsathafnar, sem kærð er, sbr. 22. gr. laga nr. 75/1973. Sá kærufrestur geti ekki átt við kæru eins og þessa, enda hér ekki um einstaka, tiltekna dómsathöfn að ræða.

III.

Eins og að ofan greinir, tekur sóknaraðili fram í kæru sinni, að varnaraðili sé kærður fyrir að hafa í dómarastarfi gert á hluta sinn. Engin þeirra ávirðinga, sem sóknaraðili ber á varnaraðila, varða dómarastörf hans, enda upplýst og ágreiningslaust, að hann hafi þar hvergi nærri komið. Þegar af þessari ástæðu eru eigi efni til að taka til greina kröfur sóknaraðila í máli þessu.

Varnaraðili hefur ekki krafist kærumálskostnaðar.

D ó m s o r ð:

Kröfur sóknaraðila, Páls Árnasonar, á hendur varnaraðila, Jóni Eysteinsyni bæjarfógeta, eru eigi teknar til greina.
